

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR
HALDINN 6.6.2019 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

Kl. 16:00

Fundur nr. 163

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson Formaður (D), Einar Bárðarson (D), Davíð Andri Agnarsson (D),
Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z).

Auður Guðbjörnsdóttir fulltrúi foreldra

Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri

Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri.

Einar Bárðarson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá

1. Skýrsla Attentus v/Kirkjubæjarskóla

Sveitarstjóri fer yfir skýrsluna frá Attentus sem unnin er af Birnu Krístrúnu Halldórsdóttur.

Úttektin felur í sér niðurstöður úr viðtölum við starfsmenn skólans, fulltrúa foreldra, fulltrúa fræðslunefndar og forstöðumann skólaþjónustunnar.

Í skýrslunni kemur fram tillaga að aðgerðaráætlun til að bregðast við niðurstöðum skýrslunnar.

Fræðslunefnd vill koma á framfæri þakklæti til starfsmanna skólans fyrir virka þáttöku í vinnslu skýrslunnar. Skýrslan er ítarleg og fram koma ganglegar upplýsingar til að vinna með í að bæta starfsánægju og starfsanda í Kirkjubæjarskóla.

Fræðslunefnd tekur innihald skýrslunnar alvarlega og mun vinna að þeim úrbótum sem framkoma í skýrslunni og óskar þess að sveitarstjórn fjalli um skýrsluna og komi með tillögur að faglegum stuðningi við stórnendur stofnana í Skaftárhreppi.

2. Önnur mál

Farið er yfir fjarvistarmál í Kirkjubæjarskóla.

Alls voru fjarvistadagar starfsmanna í Kirkjubæjarskóla 494 dagar skólaárið 2018-2019

Skráðar fjarvistir veturinn 2017-2018 eru 185 og veturinn 2016-2017 eru skráðar fjarvistir 184

Lengri veikindaleyfi veturinn 2018-2019 eru 201 dagar og strytrri veikindaleyfi 56 dagar.

AJH E.B
FR
DAG

Fjarvistir eiga sér ýmsar skýringar, meðal annars eru námsleyfi og lengri veikindaleyfi. Fjarvistaskráningar fyrir veturinn 2018-2019 eru ýtarlegri en áður og eru tildæmis ekki skráð lengri veikindaleyfi veturinn 2016-2017 og veturinn 2017-2018.


Fleira ekki gert á fundi, fundi slitið kl 17:50


Þorsteinn M. Kristinsson


Davíð Andri Agnarsson


Arndís Harðardóttir


Fanney Ásgeirsdóttir


Einar Bárðarson